

# HARMONIKAN HEIÐRUÐ



# Harmoníkan heiðrud



Það var fyrir ári síðan sem sú hugmynd kviknaði að bjóða Norðlendingum og nærsveitarfólki upp á einstakan tónlistarviðburð. Í tilefni af alþjóðlegum degi harmoníkanar fá tónleikagestir að upplifa hvernig hljóðfærið getur flutt tónlist frá mismunandi tímabilum tónlistarsögunnar, allt frá þjóðlögum til nútímatónlistar, með áherslu á ríkulegan hljóðheim hljóðfærisins.

Tónleikarnir hafa bæði menningarlegt og listrænt gildi og bjóða upp á einstaka sýn á harmoníkuna, hljóðfæri sem hefur haft djúpstæð áhrif á menningu Íslands. Harmoníkan hefur verið hluti af íslenskri tónlistarhefð í yfir 150 ár. Hún kom til Íslands á 19. öld og varð fljótt eitt helsta danshljóðfæri landsmanna. Frá því að harmoníkan barst til landsins hefur hún verið mikilvæg í íslenskri þjóðmenningu, ekki aðeins sem hljóðfæri heldur einnig til að skapa félagstengsl á milli fólks. Á 19. öld, áður en grammófónar og hljóðtæki urðu algeng, spilaði harmoníkan lykilhlutverk í tónlistarlífi landsins, sérstaklega úti á landi þar sem hljóðfærið var aðgengilegt og hentaði vel fyrir samkomur og dansleiki.

Við erum afskaplega stolt af því að fá að heiðra harmoníkuna, hljóðfærið sem er stór hluti af lífi okkar og fá að kynna það hér í Hofi í sinni fjölbreyttustu mynd. Við þökkum styrkveitendum, Listsjóðnum Verðandi hér í Menningarfélaginu og Uppbyggingasjóði SSNE fyrir ríkulegan stuðning. Án ykkar hefði þessi viðburður ekki náð þessum hæðum hér í dag.

Kæru tónleikagestir, verið velkomnir með okkur í þessa einstöku tónlistarupplifun þar sem þið njótið fjölbreyttrar tónlistar, bæði íslenskrar, erlendrar, þjóðlegrar, nútímalegrar og undir ýmsum stílbrigðum við túlkun frábærs tónlistarfólks. Njótið vel!

Verkefnastjórar,  
Hrund Hlöðversdóttir og Agnes Harpa Jósavinsdóttir.



# Efnisskrá

## Ásta Soffía Þorgeirsdóttir

Dalakofinn, tvö lög - Arch Joyce og Friðrik Jónsson / Úts. Ásta Soffía Þorgeirsdóttir  
Prior Accordion Club - Pietro Deiro  
Amaryllis - Henry Haagenrud  
Promenade Rytme - Toralf Tollefsen  
Hví skyldi ég gleyma? - Bjarni Böðvarsson / Úts. Ásta Soffía Þorgeirsdóttir  
Ég minnst þín (Ljósbrá) - Eiríkur Bjarnason

## Trío Mýr

Ennio Morricone (1928 -2020) - in Memoriam  
Verkin eru útsett af gítarleikara tríósins, Daniele Basini

Come in cielo così in terra  
Una reincarnazione di Mozart

Il buono, il brutto ed il cattivo  
Per un pugno di dollari  
L'estasi dell'oro

Proiezione per due  
Infanzia e maturita  
Tema d'amore per trio

# Hlé

## Flemming Viðar Valmundsson

Hlutar úr Holberg Svítu - Edward Grieg / Úts. Flemming Viðar Valmundsson  
1. Prelúdía  
3. Gavotte  
5. Rigaudon

Dialog über Luft - V. Globokarv

## Stórsveit harmonikuleikara Eyjafjarðar - Stjórnandi Roar Kvam

Gårdebylåten - Sænskt þjóðlag  
Kristalen den fina - Sænskt þjóðlag  
España Cañi - Pascual Marquina  
Vetrarsól - Gunnar Þórðarson / Úts. Roar Kvam  
Sverðdansinn - Aram Khachaturian / Úts. Roar Kvam

# Ásta Soffía Þorgeirsdóttir



Ásta Soffía Þorgeirsdóttir setti sér ung það markmið að nýta fjölbreytt hljómalandslag harmonikunnar til að útsetja og spila allskonar tónlist. Hún ólst upp á Húsavík þar sem hún fékk frá unga aldri hvetjandi og skapandi tónlistaruppeldi hjá Árna Sigurbjarnarsyni við Tónlistarskóla Húsavíkur. Á framhaldsskólaárunum í MH stundaði hún diplómanám við LHÍ og FÍH. Vorið 2018 lauk hún bakkalárgráðu með ágætiseinkunn frá klassískri deild Tónlistarháskóla Óslóar. Meistaránámi lauk hún, einnig með ágætiseinkunn, frá Hochschule für Musik í Freiburg haustið 2020.

Síðan námi lauk hefur hún unnið sem sjálfstætt starfandi tónlistarmaður og einnig verið gestakennari á harmonikunámskeiðum og haft einkanemendur. Hún á að baki áralanga vinnu með tónlistarmönnum og tónskáldum og hefur haslað sér völl á tónleikasenu Íslands og Noregs. Árið 2021 hlaut hún styrk úr Menningarsjóði Seðlabanka Íslands tengdum nafni Jóhannesar Nordals og notaði hann til að rannsaka íslenska tangótónlist frá tímabilinu 1920 til 1970. Hún hefur verið verkefnastjóri og fjármagnað mörg tónlistarverkefni, m.a. sem hafa hlotið styrk frá Tónlistarsjóði Rannís, Nordisk kulturfond og Menningarsjóði Íslands og Noregs.



# Trío Mýr



Trío Mýr samanstendur af Daniele Basini á gítar, Jóni Þorsteini Reynissyni á harmoniku og Steinunni Arnbjörgu Stefánsdóttur á selló. Tríóið hóf að spila saman árið 2021 og var stofnað í þeim tilgangi að flytja tónlist kvikmyndatónskáldsins ástsæla, Ennio Morricone. Ári síðar var svo hið eiginlega Trío Mýr stofnað en þar hefur áherslan verið lögð á útsetningar af þjóðtónlist ýmissa landa, auk nýrrar og frumsaminnar tónlistar.

Ennio Morricone - in Memoriam - kallast tónleikarnir sem tríóið hefur nú flutt nokkrum sinnum hér á landi og munu áheyrendur fá að heyra hluta af þeirri efnisskrá. Öll verkin eru útsett af gítarleikara tríósins, Daniele Basini. Tónlistin er m.a. úr kvikmyndunum Nuovo Cinema Paradiso, Once upon a time in America og nokkrum góðum spaghetí-vestrum.

Ennio Morricone (f. 1928 d. 2020) var ítalskt tónskáld, hljómsveitarstjóri og trompetleikari. Hann samdi margs konar tónlist og er talinn eitt fjölhæfasta, fjölbreyttasta og tilraunagjarnasta tónskáld allra tíma. Frá árinu 1946 samdi Morricone rúmlega 500 tónverk fyrir kvikmyndir og sjónvarp auk þess sem hann samdi um 100 verk í klassískum stíl. Um sjötíu af kvikmyndum Morricone hafa unnið til verðlauna.



## Jón Þorsteinn Reynisson

Jón Þorsteinn Reynisson, harmonikuleikari, hóf tónlistarnám sitt í Tónlistarskóla Skagafjarðar hjá Stefáni Gíslasyni en nam síðar við Konunglega Danska Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn hjá Geir Draugsvoll og Andreas Borregaard og lauk þar bakkalárgráðu árið 2015 og meistaragráðu árið 2018. Árið 2022 lauk hann svo Advanced post-graduate diplómu frá sama skóla sem er hæsta menntunarstig tónlistar í Danmörku.

Undanfarin ár hefur Jón Þorsteinn tekið þátt í margvíslegum tónlistarverkefnum og starfar hann í nokkrum tónlistarhópum sem reglulega vinna að nýjum verkefnum. Má þar nefna Trío Mýr, Ítrío, Hnoðri í Norðri og Trío Akureyrar. Hver og einn þessara tónlistarhópa hafa sitt sérkenni í efnisvali, s.s. nútímatónlist, þjóðlagatónlist, dægurtónlist, leikhús eða óperulist. Frá árinu 2024 hefur Jón Þorsteinn verið stjórnandi Karlakórsins Heimis.

## Daniele Basini

Daniele Basini tónskáld og gítarleikari hefur starfað við Tónlistarskólann á Akureyri frá árinu 2013. Hann er fæddur í Róm, þar sem hann lauk bakkalár- og meistaragráðu í gítarleik og tónsmíðum en hélt síðan til Noregs og lauk mastersprófi í Music Performance frá University Agder í Kristiansand.

Daniele Basini hefur haldið tónleika á Ítalíu, Noregi, Danmörku og Íslandi.

Tónlist hans hefur verið spiluð víða t.d. á Ítalíu, Noregi, Danmörku, Þýskalandi og á Íslandi.

## Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir nam tónlist við Tónlistarskólana á Akureyri og í Reykjavík, en kennari hennar var Gunnar Kvaran. Hún lauk einleikaraprófi frá TR vorið 2000. Þá hélt hún til Frakklands og nam sellóleik hjá Michel Strauss í Boulogni-Billancourt, og síðar barokksellóleik hjá Christophe Coin og Bruno Cocset við Parísarkonservatoríið. Þaðan útskrifaðist hún með láði vorið 2006.

Á árunum 2006-2020 lék Steinunn með mörgum helstu barokkhópum Frakklands. Hún leikur nú með Íslensku barokk- og nútímatónlistarhópunum Nordic Affect, Barokkbandinu Brák og Alþjóðlegu Barokksveitinni í Hallgrímskirkju/Reykjavík, og er leiðandi sellóleikari Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Steinunn stofnaði barokkhópinn Corpo di Strumenti og er stofnmeðlimur þjóðlagauslasveitarinnar Gadus Morhua Ensemble. Hún er einnig tónskáld og hefur samið m.a. fyrir Nordic Affect og kammerhóp Tónlistarfélags Akureyar, Sigrúnu Mögnu Þórsteinsdóttur og Brice Saily, auk eigin tónlistarhópa.

Steinunn er forsprakki TÓLF TÓNA KORTÉRSINS, norðlenskrar tónlistartilaunasenu á Listasafninu á Akureyri. Frá stofnun tónleikaraðarinnar vorið 2021 hefur fjöldi nýrra tónsmíða litið þar dagsins ljós og hljóð, eftir Steinunni og mörg fleiri.



# Flemming Viðar Valmundsson



Flemming Viðar Valmundsson hóf nám á harmoniku um 8 ára aldurinn, hjá Guðmundi Samúelssyni í Tónlistarskólanum í Grafarvogi og hefur ekki sleppt takinu af hljóðfærinu síðan. Með hljómmætti og vænghafi hljóðfærisins hefur hann ferðast í gegnum kima tónlistar af öllum toga. Hann hefur stigið á svið í alþjóðlegum keppnum, reynt að leysa úr flækjum tónverkabálks klassísku harmonikunnar og komið fram sem einleikari með hljómsveitum á borð við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í minni hópum hefur hann líka starfað í leikhúshljómsveitum, komið fram með Stórsveit Reykjavíkur, kafað í útsetningarvinnu og flutt verk með minni kammerhópum, spilað í djasskvartettum, og jafnvel metnaðarfullum tilraunakenndum pönksveitum.

Í dag er Flemming í diplómunámi í einleik við Konunglegu Tónlistarakademíuna í Kaupmannahöfn með áherslu á sviðsframkomu og listrænar rannsóknir. Flemming hefur verið búsettur í Kaupmannahöfn síðan 2017 og lokið bakkalár- og meistaragraðu í harmonikuleik við Konunglega Danska Tónlistarháskólann. Kennarar hans hafa verið þeir Geir Draugsvoll og Andreas Borregaard.



# Stórsveit Félags Harmonikunnenda við Eyjafjörð



Upphaf FHUE má rekja til ársins 1978 þegar Hannes Arason, fyrsti formaður félagsins var fenginn til að húa saman harmonikuleikurum til að spila á 17. júní samkomu á Akureyri. Í framhaldinu fór sá hópur að huga að stofnun harmonikufélags, sambærilegt þeim sem þegar höfðu verið stofnuð í Reykjavík og Þingeyjarsýslum. Á sama tíma stóð hópurinn fyrir undirskriftasöfnun þar sem skorað var á Tónlistarskóla Akureyrar að bjóða upp á harmonikukennslu, en það hafði ekki verið í boði fram að því. Þáverandi skólastjóri, Jón Hlöðver Áskelsson, tók vel í það mál og var það Hannes sem fékk kennara einn til að flytja í bæinn og hefja kennslu við Tónlistarskólann á Akureyri haustið 1979. Sá kennari var Karl Jónatansson og telja margir að hann hafi verið fyrsti fastráðni harmonikukennari við tónlistarskóla hér á landi. Þegar félagið var síðan formlega stofnað árið 1980 varð vísir að stórsveit FHUE til. Hafa félagsmenn leikið saman í stórsveit síðan þá og til dagsins í dag.

Roar Kvam tók við stjórnun sveitarinnar árið 2008 og hefur hann útsett á fjórða tug verka fyrir sveitina. Sveitin hefur komið fram víða um land á landsmótum harmonikufélaga og reglulega haldið tónleika. Haldið hefur verið upp á harmonikudaginn ár hvert með ýmsum uppákomum þar sem harmonikan er ávallt í forgrunni. Félagið hefur frá upphafi verið ötult við söfnun á harmonikunótum og á í dag safn sem telur nokkur þúsund lög og útsetningar sem er með því stærsta á landinu.

## 1. harmoniku skipa:

Einar Guðmundsson  
Jóhannes Jónsson  
Elsa Auður Sigfúsdóttir  
Ave Kara Sillaots

## 2. harmoniku skipa:

Olga Iukmanova  
Svetlana Birta Snorrason  
Daníel Guðjónsson

## 3. harmoniku skipa:

Guðmundur Sigurpálsson  
Ævar Ragnarsson  
Maria Kirilova Traykova  
Agnes Harpa Jósavinsdóttir

## Hrynsveit:

Halldór Gunnlaugur Hauksson, trommur  
Pétur Ingólfsson, bassi  
Dimitrios Theodoropoulos, gítar



# Roar Kvam



Roar Kvam hóf ungur nám í tónlist í heimabyggð sinni í Noregi. Hann stundaði framhaldsnám við Musikkonservatoriet í Oslo þar sem hann nam kórstjórn hjá Trygve Lindemann, hljómsveitarstjórn hjá Øyvin Fjeldstað og tónsmíðar hjá Finn Mortensen. Hann tók þátt í fjölda alþjóðlegra námskeiða í kór-, hljómsveitar- og blásarasveitarstjórn.

Roar hefur unnið til verðlauna með hljómsveitum sínum í fjölda tónlistarkeppna s.s. 1. verðlaun við World Music Contest, Kerkrade í Hollandi og International Youth Music Festival, Zürich í Sviss.

Roar stofnaði og stjórnaði Blásarasveit Tónlistarskólans á Akureyri og síðar Blásarasveit æskunnar í 25 ár. Hann stofnaði Kammerhljómsveit Akureyrar, fyrirrennara Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og stjórnaði henni fyrstu fimm árin. Roar stofnaði Passíukórinn á Akureyri 1972 og stjórnaði honum alla tíð eða til ársins 1997. Hann stjórnaði Lúðrasveit Akureyrar í sjö ár og Karlakór Akureyrar-Geysi frá sameiningu kóranna 1990-2000, Kvennakórnum Lissý frá 1999-2001, Kvennakórnum Emblu frá 2002 til dagsins í dag og Stórsveit FHUE frá 2007 til dagsins í dag.